

**115. Stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða 27. september, 2021 kl. 15:00 í Faktorshúsi í Neðstakaupstað.**

Viðstaddir eru: Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Bragi Thoroddsen, sveitastjóri Súðavíkurhrepps, Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður og Finney Rakel Árnadóttir sem ritaði fundargerð.

Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar var fjarverandi

**Dagskrá:**

**1. Fjárhagsáætlun 2022**

Ástæða til þess að hækka gjaldskrá sem hefur ekki verið gert í langan tíma og taka upp aðgangseyri í smiðjuna á Þingeyri.

Beðið eftir staðfestri tölu varðandi upplýsingamiðstöð til þess að fullklára fjarhagsáætlun en reiknað er með að ferðamannastraumur aukist og tekjur hækki frá þessu ári.

Einstakir fjárhagsliðir ræddir.

**2. Gjaldskrá 2022**

Gert er ráð fyrir að aðgangur að safninu verði 1500kr en áfram afsláttur fyrir eldri borgara og hópa og frítt fyrir börn.

Smiðjan á Þingeyri – aðgangseyrir fyrir fullorðna 1000, afsláttur fyrir eldri borgar og hópa. Ef keypt er inn á bæði söfnin eru það 2000kr.

Gjaldskráin samþykkt.

**3. Styrkur til Smiðjunnar á Þingeyri**

Thomas Seiz hafði samband við safnið og vildi styrkja Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri og greiddi síðan 500.000 inn á reikning safnsins.

Stjórnin þakkar Thomas kærlega fyrir þennan hlýhug en styrkurinn kemur sér einstaklega vel þar sem unnið er í að auka við sýninguna og komið er að ýmsu viðhaldi.

**4. Önnur mál**

Bakkaskjól fór illa í óveðrinu. Munir Húsmæðraskólans Ósk sem þar eru í geymslu hafa legið undir skemmdum. Fara verður í það að flytja muni og leita að hentugara geymsluhúsnæði.

Lyftumál í Turnhúsi – þarf að gera endurbætur til þess að auðveld aðgengi í húsinu, það verður ekki gert nema með samþykki húsafriðunarnefndar.

Fyrirhuguð húsbygging (framhald nýbyggingar), veturinn notaður í að skoða teikningar og athuga með áfangaskiptingu.

Fundi slitið kl. 16.00